

Annar fundur skólanefndar þann 22. mars á skrifstofu skólameistara kl. 16:30

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Pétur Bergmann Árnason, Guðrún María Valgeirsdóttir, Alma Dröfn Benediktsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara.

Alma Dröfn Benediktsdóttir ritaði fundinn.

1. Uppgjör haustannar

Raunmæting í skólann hefur aldrei verið betri en hún var 89,5%, óútskýrð fjarvera (skröp) var 6,3%, 3,2% fóru í veikindi og 1,1% í leyfi. Meðaleinkunn annarinnar hefur heldur aldrei verið betri eða 7,32 þrátt fyrir að meðalhópastærðin hafi aldrei verið stærrí eða 20,3 nemendur að meðaltali. Brottfall úr áfanga var óvenju lágt eða 2,3% og enginn nemandi hætti á önninni (ekker brottfall úr skólanum). Eiga nemendur hrós skilið fyrir frammistöðu sína. Nefndin vill lýsa yfir ánægju sinni með góðan árangur.

2. Nemendafjöldi á vorönn

119 nemendur hófu nám við skólann á vorönn, þar af voru 82 nemendur á heimavist, 2 í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði, 7 voru utan vista og því voru 91 nemandi í dagskóla. 20 nemendur voru utan skóla og 8 nemendur úr grunnskóla stunduðu nám við skólann. Alls voru 9 nemendur á almennri braut, 31 á félagsvísindabraut, 26 á íþróttabraut, 33 á kjörnámsbraut (þ.m.t. allir grunnskólanemendurnir), 18 á náttúruvísindabraut, einn nemandi var bæði á íþrótt- og náttúruvísindabraut og einn nemandi bæði á íþrótt- og félagsvísindabraut. Enginn nemandi hefur hætt á önninni.

Talsverður kynjamunur var. Þannig voru 72 stúlkur skráðar í skólann og 47 drengir og á heimavist voru 50 stúlka og 32 drengur.

3. Starfsmannamál á vorönn

Huld Aðalbjarnardóttir lét af störfum eftir haustönnina og þakkar skólanefnd henni góð störf í þágu skólans. Sigurlaug L. Svavarsdóttir réð sig áfram á vorönn í fjórðung úr stöðugildi í íslensku og Starkaður Snær Hlynsson var ráðinn í 75% stöðugildi í raungreinum og stærðfræði. Annars eru starfsmenn þeir sömu og á haustönn þó hlutföll hafi hnikast lítilliga til hjá sumum þeirra að eigin ósk.

4. Skólastarfið það sem af er vorönn

Sigurbjörn fór yfir skólastarfið það sem af er vorönn og hefur það gengið þokkalega.

Strax í upphafi annars kom upp covid smit í skólanum og tók svona 10 daga að ná utan um það. Þegar upp var staðið höfðu 45 nemendur af 91 endað í einangrun eða sóttkví. Starfsmenn unnu gríðargott starf við rakningu og einangrun nemenda sem og að koma mat til allra og færir skólanefnd þeim bestu þakkir fyrir. Þegar allar reglur voru afnumdar fór að bera á smitum aftur í skólanum, sérstaklega á meðal starfsfólks, en þessi smit trufluðu skólastarfið samt lítið.

Tónkvísl var haldin um síðustu helgi og var að venju í umsjá nemenda að þessu sinni undir stjórn Hnikarrs íþróttakennara. Ákveðið var að draga aðeins úr íburðinum miðað við fyrri ár en láta sönginn njóta sín. Að venju stóðu nemendur sig frábærlega, bæði í undirbúningi sem og keppninni og var augljósara nú en oft áður að þetta var keppni haldin af nemendum í umsjá nemenda. Sigurvegari Tónkvíslar að þessu sinni var Dagbjört Nótt Jónsdóttir. Hjördís Inga Garðarsdóttir frá Borgarhólsskóla sigraði í grunnskólakeppninni.

Í dag er að ljúka tveggja daga menningarferð nemendafélagsins sem farin var í Mývatnssveit að þessu sinni og var Systa félagsmálafulltrúi þeim til halds og trausts í undirbúningnum. Sex kennarar fóru svo með þeim í ferðina sem er hluti af uppbroti skólans á vorönn.

Skólakynningar hafa verið í gangi síðan í byrjun mars og eru það Eygló námsráðgjafi og Bjössí skólameistari sem bera hitann og þungan af þeim ásamt nemendum. Bæði eru þetta kynningar þar sem skólar eru heimsóttir allt frá Austfjörðum suður á Suðurnes sem og koma skólar frá Akureyri í heimsókn í Laugar. Í þeim heimsóknum skiptir þáttur íþróttakennaranna og eldhússins verulegu máli. Skólaheimsóknum mun haldið áfram fram að páskafríi en opnað er fyrir umsóknir nýnema 25. apríl.

Hnikarr íþróttakennari og Hallur áfangastjóri eru á tæknisýningunni BETT í London þessa vikuna. Kristinn Ingi kerfistjóri og Ásta kennari komumst hins vegar ekki með vegna Covid-smita. Þessi ferð er liður í að gera skólastarfið rafrænna en áður.

5. Andlát

Þann 2. febrúar varð hörmulegt slys við skólann þar sem nemandi, Kristinn Aron Curtis Arnbjörnsson, lést. Í kjölfarið kom utan að komandi aðstoð í skólann frá Rauða krossinum, heilsugæslunni, sóknarpresti, sálfræðingum og námsráðgjöfum MA og VMA, skólameistara MTR sem og frá foreldrum og öðrum. Þessir fagaðilar héldu utan nemendur og starfsfólk og aðstoðuðu við að ná takti í skólalífið aftur. Það hefur gengið vonum framár. Minningarathöfn um Kristinn var haldin 11. febrúar í matsalnum og helgistund á Kópaskeri þann 12. og aðstoðuðu starfsmenn og fyrrum nemendur skólans við að senda hana út. Kristinn var fyrirmyndarpersóna sem snerti alla nemendur og starfsfólk með góðsemi sinni og hjálpssemi. Hann hlaut útnefninguna Skólabeign Laugaskóla við útskrift vorið 2021 en þau verðlaun fá 1-2 nemendur á ári. Þeir sem verðlaunin hljóta hafa lagt mikið til Laugasamfélagsins og eru gæddir þeim mannkostum sem reynt er að ná fram hér á Laugum. Skólanefnd vottar aðstandendum Kristins samúð sína.

6. Peningaskápur

Borist hefur ósk um að kaupa gamla peningaskápin sem Laugaskóli á og var notaður í tíð Héraðsskólans á Laugum. Skólanefnd hafnar óskinni í ljósi þess gildis sem skápurinn hefur fyrir sögu skólans.

7. Samstarf um áfanga

Framhaldsskólarnir fimm á Norðausturlandi hafa tekið höndum saman og ætla að tilraunakenna næsta haust mediaáfanga. Hver skóli leggur til einn kennara og reiknað er með um þremur nemendum frá hverjum skóla. Gangi þetta vel er möguleiki á að boðið verði upp á fleiri sameiginlega áfanga í framtíðinni.

Lagt fram til kynningar

8. Napólíferð

Fyrirhugaðri námsferð kennara til Finnlands hefur verið frestað til næsta skólaárs. Í stað hennar ætlað starfsfólk í hópeflisferð til Kraká í Póllandi í dymbilvikunni. Innrás Rússa í Úkraínu kom í veg fyrir þá ferð og það var úr á endanum að fara til Napólí í vikuferð.

Lagt fram til kynningar

9. Starfslok

Sverrir Haraldsson brautarstjóri Almennrar brautar varð sjötugur fyrir rúmri viku og á því að ljúka störfum í lok mánaðarins en skólameistari hefur fengið leyfi fyrir því að hann klári út önnina. Ljóst er því að starf brautarstjóra þar að auglýsa sem fyrst til þess að fá sem flestar og bestar umsóknir. Sverrir hefur skilað góðu starfi á Laugum allt frá árinu 1986.

10. Næsti fundur skólanefndar

Næsti fundur er áætlaður í byrjun júní.

11. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 18.30